

**197. fundur íþróttá- og tómstundanevndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði, 19. júní 2019 og
hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Elisabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Karen Gísladóttir aðalmaður, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður og Svala Sigríður Jónsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Fundargerð ritaði: Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar - 2014030027

Lagður fram verkefnalisti íþróttá- og tómstundanevndar.

Lagt fram til kynningar.

2. Raggagarður - umsókn um vinnuframlag vinnuskóla - 2017050012

Lagt fram bréf Vilborgar Arnarsdóttur, framkvæmdastjóra Raggagarðs, dagsett 25. apríl sl., þar sem óskað er eftir samstarfi um vinnuframlag vinnuskóla Ísafjarðarbæjar í Raggagarði sumarið 2019.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1062. fundi sínum 20. maí sl. og vísaði til íþróttá- og tómstundanevndar.

Nefndin samþykkir erindið, gert var ráð fyrir kostnaðinum í fjárhagsáætlun 2019. Nefndin leggur jafnframt til að gert verði ráð fyrir verkefni sem þessu í fjárhagsáætlunargerð 2020.

3. Niðurstöður á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ 2019 - 2019050006

Lagðar fram niðurstöður frá Rannsókn og greiningu á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ.

Lagt fram til kynningar.

4. Uppbyggingasamningar 2019 - 2018080049

Lagður fram tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra HSV þar sem spurt er um úthlutun fjármuna til uppbyggingasamninga 2019 og hvort mögulegt sé að geyma úthlutaða fjárhæð til næsta árs.

Nefndin leggur til við Skotíþróttafélag Ísafjarðar að nýta úthlutaða fjármagn ársins 2019 og sækja um aftur fyrir árið 2020.

5. Ársskýrsla HSV 2018 - 2019060043

Lögð fram ársskýrsla HSV 2018.

Nefndin þakkar fyrir greinagóða skýrslu.

6. Beiðni um niðurfellingu aðgangseyris í sund fyrir fylgdarmann - 2019060044

Lagt fram bréf frá Þóru Marý Arnórsdóttur, deildarstjóra í málefnum fatlaðra, dagsett 17. maí 2019, þar sem óskað er eftir því að fylgdarmenn einstaklinga með fötlun fái frítt í sund þegar þeir fylgja skjólstæðingum sínum.

Nefndin tekur vel í erindið og vísar því til næsta fundar nefndarinnar þar sem gjaldskrá 2020 verður til vinnslu. Nefndin leggur til við bæjarráð að samþykkt verði að starfsmenn sem fylgja einstaklingum með fötlun fái frítt í sund það sem eftir er ársins 2019.

Gestir

Þóra Marý Arnórsdóttir, deildarstjóri í málefnum fatlaðra mætti til fundar - 08:57

Þóra Marý yfirgaf fundinn kl. 08:59

7. Endurskoðun á reglum um íþróttamann Ísafjarðarbæjar - 2018120077

Kynnt vinna við endurskoðun á reglum um íþróttamann Ísafjarðarbæjar.

Unnið að bréfi sem sent verður á nágranasveitarfélögin Súðavík og Bolungarvík.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Karen Gísladóttir

Anton Helgi Guðjónsson

Svala Sigríður Jónsdóttir

Margrét Halldórsdóttir